

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/208****2023/EES/40/46****frá 14. desember 2021****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar kröfur varðandi starfrækslu í skertu skyggni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum l. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur og stjórnáslumeðferð er varða flugvelli, þ.m.t. ákvæði sem varða leiðsagnar- og stjórnkerfi fyrir umferð á jörðu niðri og starfrækslu í lélegu skyggni á flugvöllum.
- 2) Í því skyni að aðlaga ákvæðin að 6. og 14. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug og skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9365 er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur um framkvæmd starfrækslu í skertu skyggni á flugvöllum með því að tryggja tiltækileika viðeigandi sjónrænna leiðsögutækja og annarra leiðsögutækja en sjónrænna sem og annars flugvallarbúnaðar, tiltækileika tilskilinna upplýsinga og framkvæmd viðeigandi verklags.
- 3) Breyta ætti I. viðauka (skilgreiningum) við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar skilgreiningar á ákvörðunarflughæð, blindflugsbraut, starfrækslu í lélegu skyggni, verklagi í lélegu skyggni, flugtaki í lélegu skyggni, starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi og blindaðflugi af tegund B.
- 4) Í III. viðauka (ADR.OR-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er mælt fyrir um kröfur um stjórnskipulag fyrir rekstraraðila flugvallar. Sá viðauki er orðinn úreltur að því er varðar reglurammann fyrir sjónræn leiðsögutæki og önnur leiðsögutæki en sjónræn, einkum að því er varðar veðurfræðilegan búnað, og því ætti að breyta honum svo hann taki til sértækra krafna að því er varðar tiltækileika og viðhald á sjónrænum leiðsögutækjum og öðrum leiðsögutækjum en sjónrænum og á öllum öðrum búnaði sem er nauðsynlegur til að styðja starfrækslu í skertu skyggni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 35, 17.2.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnáslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

- 5) Í IV. viðauka (ADR.OPS-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er mælt fyrir um rekstrarlegar kröfur fyrir flugvelli. Breyta ætti þeim viðauka þannig að hann taki til sérþaks verklags sem gildir um rekstraraðila flugvallar og varðar leiðsagnar- og stjórnkerfi fyrir umferð á jörðu niðri og starfrækslu í lélegu skyggni á flugvöllum.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 139/2014 til samræmis við það.
- 7) Með hliðsjón af b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 hefur Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins samið álit nr. 02/2021 ⁽³⁾ sem drög að framkvæmdarreglum og lagt það fyrir framkvæmdastjórnina.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽³⁾ <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

VIÐAUKI

Reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 16. lið a er bætt við:

„16a) „ákvörðunarflughæð“ („DA“) eða „ákvörðunarhæð“ („DH“): tiltekin flughæð eða hæð í þrívíddarblindaðflugi þar sem hefja verður fráflugsverklag ef tilskilið kennileiti til að halda aðfluginu áfram hefur ekki verið ákvarðað.“

b) Í stað 22. liðar kemur eftirfarandi:

„22) „blindflugsbraut“ (e. *instrument runway*): ein af eftirtöldum tegundum flugbrauta sem er ætluð loftförum sem fljúga samkvæmt blindaðflugsverklagi:

1. „flugbraut fyrir grunnaðflug“ (e. *non-precision approach runway*): flugbraut með sjónrænum leiðsögutækjum, og a.m.k. einu öðru leiðsögutæki sem er ekki sjónrænt, sem eru ætluð fyrir landingar í kjölfar blindaðflugs af tegund A,
2. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, I. flokkur“ (e. *precision approach runway, category I*): flugbraut með sjónrænum leiðsögutækjum, og a.m.k. einu leiðsögutæki sem er ekki sjónrænt, sem eru ætluð fyrir landingar í kjölfar blindaðflugs af tegund B, I. flokkur (Cat I),
3. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, II. flokkur“ (e. *precision approach runway, category II*): flugbraut með sjónrænum leiðsögutækjum, og a.m.k. einu öðru leiðsögutæki sem er ekki sjónrænt, sem eru ætluð fyrir landingar í kjölfar blindaðflugs af tegund B, II. flokkur (Cat II),
4. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, III. flokkur“ (e. *precision approach runway, category III*): flugbraut með sjónrænum leiðsögutækjum, og a.m.k. einu öðru leiðsögutæki sem er ekki sjónrænt, sem eru ætluð fyrir landingar í kjölfar blindaðflugs af tegund B, III. flokkur (Cat III),“.

c) Eftirfarandi 24. liður c bætist við:

„24c) „starfræksla í lélegu skyggni“: starfræksla í aðflugi eða flugtaki á flugbraut þar sem flugbrautarskyggni er minna en 550 m eða ákvörðunarhæð er undir 200 fetum.“

d) Í stað 25. liðar kemur eftirfarandi:

„25) „verklag í lélegu skyggni“: verklag sem beitt er á flugvelli í þeim tilgangi að tryggja öryggi við starfrækslu í lélegu skyggni.“

e) Í stað 26. liðar kemur eftirfarandi:

„26) „flugtak í lélegu skyggni“ (LVTO): flugtak þar sem flugbrautarskyggni er minna en 550 m.“

f) Ákvæði 27. liðar falla brott.

g) Eftirfarandi 34. liður c bætist við:

„34c) „starfræksla með rekstrarlegum ávinningi“: starfræksla þar sem notaður er tilskilinn búnaður í loftfari eða búnaður á jörðu niðri eða samnýting búnaðar loftfars og búnaðar á jörðu niðri sem gera einn eða fleiri eftirfarandi þætti mögulega:

- a) notkun flugvallarlágmarka við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði fyrir tiltekna flokkun starfrækslu,
- b) hægt er að uppfylla kröfur um skyggni eða draga úr þeim,
- c) krafist er færri tegunda aðstöðu á jörðu niðri.“

h) Ákvæði 35. liðar falla brott.

i) Í stað 47. liðar b kemur eftirfarandi:

„47b) „blindaðflug af tegund B“: blindaðflug með ákvörðunarhæð sem er undir 75 m (250 fet) er flokkuð sem hér segir:

1. I. flokkur (CAT I): ákvörðunarhæð sem er ekki undir 60 m (200 fetum) og með annaðhvort skyggni sem er minna en 800 m eða flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 550 m,

2. II. flokkur (CAT II): ákvörðunarháð sem er undir 60 m (200 fetum) en þó ekki undir 30 m (100 fetum) og flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 300 m,
 3. III. flokkur (CAT III): ákvörðunarháð sem er undir 30 m (100 fetum) eða engin ákvörðunarháð og flugbrautarskyggni sem er minna en 300 m eða engin takmörk á flugbrautarskyggni.“
- 2) Eftirfarandi e-liður bætist við ADR.OR.C.005 í III. viðauka:
- „e) Rekstraraðili flugvallar skal, til að tryggja örugga starfrækslu loftfars á flugvellinum, veita og viðhalda, beint eða með samkomulagi við þriðju aðila, sjónrænum leiðsögutækjum og öðrum leiðsögutækjum sem eru ekki sjónræn, veðurfræðilegum búnaði og öllum öðrum búnaði, sem samsvara þeim tegundum starfrækslu sem fara fram á flugvellinum.“
- 3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi liðir ADR.OPS.A.070, ADR.OPS.A.075, ADR.OPS.A.080 og ADR.OPS.A.085 bætast við í A-kafla:

„ADR.OPS.A.070 Upplýsingar um lýsingarkerfi flugvallar

Rekstraraðili flugvallar upplýsa upplýsingaþjónustu flugmála um þá hluta lýsingarkerfis flugvallarins þar sem ljóseiningar eru með ljósdíóðum.

ADR.OPS.A.075 Kort

Rekstraraðili flugvallar skal tryggja, annaðhvort beint eða með samkomulagi við þriðju aðila, að veitandi upplýsingaþjónustu flugmála birti kort, sem varða flugvöllinn, í flugmálaláttabókinni.

ADR.OPS.A.080 Upplýsingar um leiðsöguvirkni og aðflugsbúnað

- a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja, beint eða með samkomulagi við þriðju aðila, að upplýsingaþjónusta flugmála fái upplýsingar um leiðsöguvirkni og aðflugsbúnað sem tengist verklagi fyrir blindaðflug og aðflugssvæði á flugvellinum.
- b) Upplýsingarnar, sem um getur í a-lið, skulu fela í sér eftirfarandi:
- 1) tegund leiðsöguvirkja,
 - 2) misvísun námundud að næstu gráðu, eins og við á,
 - 3) tegund starfrækslu sem eru studdar fyrir blindlendingarkerfi (ILS)/örbylgjulendingarkerfi (MLS)/lendingarkerfi með gervihnattaleiðsögukerfi (GLS), hnattrænt grunnervihnattaleiðsögukerfi (GNSS) og leiðréttingarkerfi um gervihnött (SBAS),
 - 4) flokkun fyrir blindlendingarkerfi,
 - 5) flokkun aðstöðu og tilnefning(ar) aðflugsvirkis fyrir leiðréttingarkerfi á jörðu niðri (GBAS),
 - 6) að því er varðar fjölstefnuvita (VOR)/blindlendingarkerfi (ILS)/örbylgjulendingarkerfi (MLS) einnig misvísun stöðvar námundud að næstu gráðu og notud í tengslum við tæknilegar stillingar fyrir leiðsöguvirkid,
 - 7) auðkenningu, ef þess er krafist,
 - 8) tíðni eða tíðnir, rásarnúmer, þjónustuveitanda og kennimerki viðmiðunarferils(a) (RPI), eins og við á,
 - 9) rekstrartíma, eins og við á,
 - 10) landhnit fyrir stöðu móttökulofnatsins í gráðum, mínútum, sekúndum og tíundu hlutum úr sekúndum, eins og við á,
 - 11) landhæð móttökulofnats fjarlægðarvita, námundud að næstu 30 m (100 fetum), landhæð nákvæmnifjarlægðarvita (DME/P), námundud að næstu þremur metrum (10 fetum), landhæð viðmiðunarpunkts leiðréttingarkerfis á jörðu niðri námundud að næsta metra eða feti og sporvöluhæð viðmiðunarpunktsins námundud að næsta metra eða feti; fyrir leiðréttingarkerfi um gervihnött, sporvöluhæð landingarþröskuldarpunkts (LTP) eða tilbúins þröskuldarpunkts (FTP) námundud að næsta metra eða feti,

- 12) Þjónusturýmisradíus frá viðmiðunarpunkti leiðréttingarkerfis á jörðu niðri, námundaður að næsta kílómetra eða sjómílu og
- 13) athugasemdir.

ADR.OPS.A.085 Upplýsingar um þegar farið er upp í flöt sjónræns flughluta (VSS)

Rekstraraðili flugvallar skal tryggja, annaðhvort beint eða með samkomulagi við þriðju aðila, að upplýsingaþjónusta flugmála fái upplýsingar um þegar farið er upp í flöt sjónræns flughluta, þ.m.t. verklag og lágmörk sem þetta hefur áhrif á.“

b) Ákvæðum B-kafla er breytt sem hér segir:

i) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ADR.OPS.B.030:

— Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að á flugvellinum sé til staðar leiðsagnar- og stjórnkerfi fyrir umferð á jörðu niðri (SMGCS). Leiðsagnar- og stjórnkerfið fyrir umferð á jörðu niðri skal:

- 1) taka tillit til hönnunareiginleika og starfrækslu- og veðurskilyrða á flugvellinum sem og meginreglna mannþáttafræði,
- 2) vera hannað til aðstoðar við að forðast:
 - i. óviljandi átroðning loftfars og ökutækja á flugbraut í notkun og
 - ii. árekstur milli loftfara sem og milli loftfars og ökutækja eða hluta á einhverjum hluta athafnasvæðisins og
- 3) njóta aðstoðar viðeigandi aðferða og verklags.“

— Eftirfarandi d-liður bætist við:

„d) Rekstraraðili flugvallar skal hafa samráð við veitanda flugumferðarþjónustu varðandi þróun verklags í tengslum við leiðsagnar- og stjórnkerfi fyrir umferð á jörðu niðri á flugvellinum.“

ii. Í stað ADR.OPS.B.045 kemur eftirfarandi:

„ADR.OPS.B.045 Verklag í lélegu skyggni

a) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að flugvöllurinn sé búinn viðeigandi flugvallarbúnaði og -aðstöðu og að viðeigandi verklag í lélegu skyggni sé ákvarðað og innleitt þar sem ætlað er að nota það við eftirfarandi starfrækslu:

- 1) flugtak í lélegu skyggni,
- 2) aðflug og landingu í skyggni þar sem flugbrautarskyggni er minna en 550 m eða ákvörðunarhæð undir 200 fetum (60 m),
- 3) starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi þar sem raunverulegt flugbrautarskyggni er minna en 550 m.

Verklag í lélegu skyggni skal samræma hreyfingar loftfars og ökutækja og skal takmarka eða banna starfsemi á athafnasvæðinu.

b) Rekstraraðili flugvallar skal ákvarða og koma í framkvæmd verklagi í lélegu skyggni í samstarfi við veitanda flugumferðarþjónustu. Verklag í lélegu skyggni skal taka til viðmiðana fyrir undirbúning þess, upphaf og lúkningu. Viðmiðin skulu byggjast á flugbrautarskyggni og skýjahulugildum.

c) Rekstraraðili flugvallar skal upplýsa veitanda upplýsingaþjónustu flugmála og veitanda flugumferðarþjónustu, eins og við á, um allar breytingar á stöðu flugvallarbúnaðar og -aðstöðu sem hafa áhrif á starfrækslu í lélegu skyggni.

- d) Rekstraraðili flugvallar skal gefa veitanda upplýsingaþjónustu flugmála upplýsingar um verklag í lélegu skyggni til birtingar í flugmálahandbókinni.
 - e) Verklag í lélegu skyggni og allar breytingar á því krefst fyrirframsamþykkis frá lögbæru yfirvaldi.“
-